

## Proskamat 2-4 vikna

Ef barnið getur ekki **eitt atriði** í viðkomandi þroskamati en engar aðrar áhyggjur eru til staðar, er yfirleitt nóg að gefa ráðleggingar og athuga nánar í næstu heimsókn nema annað sér tilgreint í leiðbeiningum í töflu. Ef barnið getur ekki **tvö atriði eða fleiri** þarf að huga vel að öðrum þáttum og vísa áfram til barnalæknis eða annarra sérfræðinga til nánari athugunar.

	Lýsing	Framkvæmd/lýsing	Úrlausn ef frávik
Grófhreyfingar	<b>Samhverfar hreyfingar hand- og fótleggja</b>	Barnið liggur á bakinu, léttklætt. Fylgist með hreyfingum barnsins, eru þær samhverfar (symmetrískar) eða hreyfir barnið einn eða fleiri útlími minna en hina?	Ef ekki samhverfar, tilvísun til barnalæknis
Samskipti og leikur	<b>Myndar augnsamband</b>	Fylgst er með hvort barnið horfi í augu athuganda og stoppi við í 2-3 sek. Ef þetta gerist ekki sjálfkrafa skal halda á barninu eða halla sér yfir það liggjandi á baki með andlitið u.þ.b. 30 sm frá andliti barnsins og reyna að ná athygli þess og augnsambandi með tali og svipbrigðum.	Ráðleggingar til foreldra. Skoða aftur í næstu heimsókn. Ef ekki augnsamband í 6 vikna skoðun þá tilvísun til augnlæknis og e.t.v. barnalæknis
Vitsmuna- og málþroski	<b>Myndar hljóð</b>	Hlustað er eftir hvers kyns hljóðamyndun hjá barninu, hvort barnið gefur frá sér einhver hljóð önnur en grát, svo sem lítil kurr- og kokhljóð, eða sérhljóð svo sem aa, uu, eeh.	Ráðleggingar til foreldra. Skoða aftur í næstu heimsókn (6 vikna)*
	<b>Bregst við hljóði</b>	Fylgst er með hvort barnið bregst við rödd eða öðru hljóði úr umhverfinu. Beinir það t.d. augum að eða snýr höfði í átt að hljóðinu, eykur eða minnkar það hreyfingar útlíma eða gerir hlé á eigin hljóðamyndun.	Ráðleggingar til foreldra. Skoða aftur í næstu heimsókn (6 vikna)

\* Ef ekki til staðar við 6 vikna aldur en aðrir þættir í lagi, fylgja eftir  
Ef enn ekki til staðar við 3 mánaða aldur, skoða nánar